

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur um þjónustu fyrir fólk með fíknivanda.

1. *Hvaða þjónusta er í boði fyrir fólk með fíknivanda og hverjir veita hana?*

Í eftirfarandi töflu kemur fram samantekt yfir þau úrræði sem eru í boði fyrir fólk með fíknivanda og hverjir veita hana. Auk þess nýtur fólk með fíknivanda þjónustu á öðrum sviðum heilbrigðis- og félagsþjónustu sem ætluð eru almenningi. Í fremri dálki kemur fram þjónustuveitandi og í seinni dálki hvaða þjónusta er veitt. Segja má að flest meðferðarúrræði séu að öllu leyti eða að stórum hluta fjármögnuð af ríkinu. Áfangheimili og húsnæðisúrræði eru flest fjármögnuð af sveitarfélögum og þar er framlag Reykjavíkurborgar mest. Sum úrræði fjármagna ríkið og Reykjavíkurborg í sameiningu. Einnig leggja samtök sem sinna þjónustunni fram sjálfsaflafé til að veita þjónustu. Þá veitir Barnaverndarstofa stuðning í gegnum verkefnið PMT sem er þjálfun í foreldrafærni.

Þjónustuveitandi	Þjónusta sem veitt er
Heilsugæslan	Forvarnir og fyrstu viðbrögð.
Félagsþjónusta sveitarfélaga	Forvarnir og félagsleg aðstoð.
Vímulaus æska	Forvarnir, stuðningur.
Landspítali	Afeitrun, meðferð á legu-, dag- og göngudeild.
Sjúkrahúsið á Akureyri, legudeild geðdeildar	Áfengismeðferð á geðdeild.
SÁÁ	Afeitrun, meðferð, framhaldsmeðferð, stuðningur, eftirfylgni. Þjónusta á legu- og göngudeildum. Viðhaldsmeðferð fyrir óþímfikla. Þjónar bæði börnum og fullorðnum. Reka einnig áfangheimili fyrir fólk sem hætt er í neyslu.
Krýsuvíkursamtökin, meðferðarheimili	Langtíma meðferð.
Samhjálp	Afeitrun, framhaldsmeðferð og göngudeildarþjónusta. Rekur einnig þrjú áfangheimili fyrir fólk sem hætt er neyslu og gistiskýli sem er neyðarathvarf.
Reykjavíkurborg, Brautin	Áfangheimili fyrir fólk sem hætt er neyslu.
Draumasetrið	Áfangheimili fyrir fólk sem hætt er neyslu.
Dyngjan	Áfangheimili fyrir konur sem hættar eru neyslu.
Takmarkið	Áfangheimili fyrir fólk sem hætt er neyslu.
Krossgötur	Áfangheimili fyrir fólk sem hætt er neyslu.

Barnaverndarstofa	Greining, meðferð og eftirfylgd, m.a. vegna vímuefnavanda á Stuðlum. Rekstur þriggja meðferðarheimila fyrir unglunga með fjölþættan vanda, m.a. vegna vímuefna. Fjölkerfameðferð og önnur meðferðarræði til að taka á hegðun, m.a. vegna vímuefna.
Sveitarfélög, félagsþjónusta	Ýmis félagslegur stuðningur, m.a. vegna fíknivanda.
Reykjavíkurborg	Sérhæft langtímahúsnæðisúrræði á fjórum stöðum.
Rauði krossinn, Konukot	Neyðarathvarf.
TR og nokkur sveitarfélög, Grettistak	Endurhæfing.

2. *Hversu miklar fjárveitingar til þjónustu fyrir fólk með fíknivanda eru í fjárlögum fyrir árið 2014?*

Í eftirfarandi töflu eru bein framlög á fjárlögum ríkisins 2014 til þjónustu við fólk með fíknivanda. Auk þess stendur hópnun til boða þjónusta sem ekki er ætluð einum hópi sérstaklega og er kostnaður vegna þeirrar þjónustu líklega mun meiri vegna þessa hóps en annarra. Kostnaður þessara þjónustuaðila er hins vegar ekki sérgreindur í rekstri þeirra. Meðal þeirra sem veita þessum hópi umtalsverða þjónustu eru heilsugæslustöðvar en beinn kostnaður liggur ekki fyrir.

Fjárlagaliður	Fjárhæð (m.kr.)
SÁÁ, sjúkrahús og dagdeildir	731
SÁÁ, göngudeild	45
SÁÁ, Vin	29
Sérhæfð þjónusta Landspítala vegna fíknimeðferðar	500
Krýsuvíkursamtökin	71
Barnaverndarstofa þjónusta	792
Samhjálp, Hlaðgerðarkot	97
Samhjálp, styrkir	6,5
Grettistak, endurhæfingarlífeyrir; á móti veita sveitarfélög endurhæfingu (tölur frá 2012)	85
Krossgötur, áfangheimili	23
Vímulaus æska	10
Rótin	0,5
Alls	2.390

3. *Hvernig er eftirliti með nýtingu fjármuna og faglegri þjónustu háttað?*

Landlæknir hefur reglubundið eftirlit með að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma skv. 7. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007. Embætti landlæknis hefur einnig eftirlit með störfum heilbrigðisstarfsmanna skv. 13. gr. sömu laga. Þar er kveðið á um að landlæknir fylgist með að þeir fari að ákvæðum heilbrigðislöggjafar og ákvæðum annarra laga og stjórnvaldsfyrirmæla eftir því sem við á. Þannig hefur landlæknir eftirlit með þjónustu sem veitt er á heil-

brigðisstofnunum og þjónustu heilbrigðisstarfsmanna sem veitt er annars staðar en á heilbrigðisstofnunum.

Samkvæmt 45. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, skal sjúkratryggingastofnunin hafa eftirlit með starfsemi sem veitt er á grundvelli þjónustusamninga sem stofnunin gerir. Þetta miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga. Stofnunin skal hafa samráð við landlækni um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits. Kveðið er á um eftirlit í þeim samningum sem gerðir eru.

Velferðarráðuneytið hefur eftirlit með að þeim styrkjum sem ráðuneytið veitir beint, án aðkomu stofnana ráðuneytisins, sé varið eins og tilgreint er í samkomulagi aðila.

Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur eftirlit með þjónustu Barnaverndarstofu.

Einnig fer félags- og húsnæðismálaráðherra með eftirlit með félagsþjónustu sveitarfélaga og þeim úrræðum sem rekin eru á þeirra vegum.

Sveitarfélög hafa eftirlit með starfsemi sem rekin er á þeirra vegum eða með samningi við þau.